

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 20. desember 2000

um áætlun til margra ára um fyrirtæki og framtakssemi, einkum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja (2001-2005)

(2000/819/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með ákvörðun ráðsins 97/15/EB⁽⁵⁾ og fellur úr gildi 31. desember 2000, hefur myndað ramma um slíkar aðgerðir.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

4) Í orðsendingu sinni frá 29. júní 1999 gaf framkvæmdastjórnin Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslu um mat utanaðkomandi aðila á fyrrnefndri áætlun.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

5) Nauðsyn ber til að samþykkja aðra áætlun fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2001 og að tryggja að stefna í málefnum fyrirtækja nái fram að ganga með því að útvega nægilegt fjármagn til þess að markmiðum hennar verði náð.

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽⁴⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Sú þýðing, sem fyrirtæki og framtakssemi hafa, að því er varðar að ná markmiðum bandalagsins, og þeir erfiðleikar, sem fyrirtæki og athafnamenn standa frammi fyrir, hafa verið umfjöllunarefni margra orðsendinga, ákvarðana og skýrslna og nú síðast orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 26. apríl 2000 um „stefnu í málefnum fyrirtækja í efnahagsumhverfi sem er grundvallað á þekkingu“. Þar hafa verið tilgreind meginsvið þar sem aðgerða er þörf á vettvangi bandalagsins.

6) Þann 9. nóvember 1999 samþykkti ráðið skýrslu um að fella sjálfbæra þróun inn í stefnu Evrópusambandsins í málefnum fyrirtækja. Taka ber mið af sjálfbærri þróun þegar skilgreina á og framkvæma ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar samkvæmt þessari áætlun.

2) Lítil og meðalstór fyrirtæki leggja fram drjúgan skerf með tilliti til samkeppnishæfni, rannsókna, nýsköpunar, færni og starfa, en standa frammi fyrir tilteknum vanda.

7) Á fundi sínum í Santa Maria da Feira 20. júní 2000 samþykkti leiðtogaráðið Evrópusáttmálann um lítil fyrirtæki og mæltist til þess að hann kæmi til fullra framkvæmda sem liður í tillögum um áætlunina til margra ára um fyrirtæki og framtakssemi. Í ráðstöfunum Evrópusambandsins til þess að stuðla að framgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja ber að taka tillit til markmiðanna með sáttmálanum.

3) Aðgerða er þörf til þess að vinna bug á þessum vandkvæðum. Röð áætlana, einkum þriðja áætlunin til margra ára um lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópusambandinu (1997-2000), sem var samþykkt

8) Svipaðar aðgerðir eru hafnar innan ramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), einkum með sáttmálanum um stefnuna í málefnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem iðnaðarráðherrar OECD-landanna samþykktu í Bologna 15. júní 2000.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 311, 31.10.2000, bls. 180.

⁽²⁾ Álitin var skilað 26. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Álitin var skilað 29. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Álitin var skilað 21. september 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 6, 10.1.1997, bls. 25.

- 9) Hinn 7. nóvember 2000 lagði ráðið áherslu á nauðsyn þess að auka verulega við fjármögnun nýsköpunarfélaga og að beina aftur stjórnækjum á sviði fjármála til stuðnings nýstofnuðum fyrirtækjum, hátækni-fyrirtækjum og örfyrirtækjum.
- 10) Samþykka ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 11) Þessi ákvörðun myndar lagagrundvöll sérstakra upp-bótarráðstafana sem eru ekki liður í öðrum stefnumiðum bandalagsins og verða ekki framkvæmdar betur á vettvangi aðildarríkjanna.
- 12) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var gerður við EFTA/EES-löndin, og viðbótarbókunum við samstarfssamningana, sem voru gerðir við Mið- og Austur-Evrópulöndin, er kveðið á um þátttöku þessara landa í áætlunum bandalagsins. Þá ber einnig að gera ráð fyrir þátttöku Kýpur, Möltu og Tyrklands innan ramma samstarfssamninga sem hafa verið gerðir við þessi lönd. Þátttaka annarra landa getur komið til greina ef samningar og málsmeðferð gera það kleift.
- 13) Í þessari ákvörðun er að finna fjárhagsviðmiðun, í skilningi 34. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽²⁾, fyrir allt tímabilið sem áætlunin varir án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins eins og skilgreint er í sáttmálanum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlun um stefnu bandalagsins um fyrirtæki og framtakssemi, einkum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja, hér á eftir nefnd „áætlunin“, er hér með samþykkt til fimm ára frá 1. janúar 2001 að telja.

2. gr.

1. Markmiðin með áætluninni eru eftirfarandi:

- a) að stuðla að vexti og samkeppnishæfni fyrirtækja í alþjóðlegu efnahagsumhverfi sem er grundvallað á þekkingu;
- b) að stuðla að framtakssemi;
- c) að einfalda og betrubæta stjórnsýslu- og lagaramma fyrir fyrirtæki, einkum til þess að hvetja til rannsókna, nýsköpunar og stofnunar fyrirtækja;

- d) að betrubæta fjárhagslegt umhverfi fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja;
- e) að veita fyrirtækjum greiðari aðgang að stuðningsþjónustu, áætlunum og netkerfum á vegum bandalagsins og að auka samræmingu þessara úrkosta.

2. Þessum markmiðum skal einkum náð á grundvelli aðgerðasviðanna sem er lýst í I. viðauka.

3. Að auki mun áætlunin, eðli sínu samkvæmt, verða notuð til þess að komast nær þeim markmiðum sem eru sett með Evrópusáttmálanum um lítil fyrirtæki.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um stjórn áætlana, (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. gr.

1. Samþykka ber ráðstafanir og aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 3. gr:

— vinnuáætlunina til eins árs og tilsvareandi fjáruhlutanir;

— viðmiðanir fyrir og efni útboða sem eru yfir 100 000 evrum;

— vísbendi um árangur til að unnt sé að vega og meta nauðsynlegar aðgerðir til þess að ná markmiðunum sem eru sett fram í 2. gr.

2. Enn fremur ber að upplýsa nefndina reglulega um öll önnur vafaatriði sem varða þessa áætlun, einkum um hina árlegu framkvæmdaskýrslu og matsskýrslurnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar áætlunar og leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina:

— matsskýrslu, á tveggja ára fresti, um árangur svo að unnt sé að taka með samræmdum hætti tillit til:

— stefnunnar í málefnum fyrirtækja innan stefnumiða og áætlana bandalagsins í heild,

— framkvæmdar Evrópusáttmálans um lítil fyrirtæki,

— endanlegrar matsskýrslu fyrir desemberlok 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 172, 18.6.1999, bls. 1.

2. Í skýrslunum skal kanna hvort markmiðunum með þessari áætlun hafi verið náð. Skýrslurnar skulu innihalda kostnaðar- og ábatagreiningu með tilliti til þeirra ráðstafana og aðgerða sem hefur verið gripið til, einkum á grundvelli þeirra vísbenda um árangur sem um getur í þriðja undirlíð 1. mgr. 4. gr.

6. gr.

Eftirtöldum aðilum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun:

- EFTA/EES-löndunum í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum;
- samstarfslöndunum í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrðin sem eru sett í Evrópusamningunum, í viðbótarbókunum við þá og í ákvörðunum viðkomandi samstarfsráða;
- Kýpur á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem samið verður um við það land;
- Möltu og Tyrklandi á grundvelli aukafjárveitinga í samræmi við ákvæði sáttmálans;

— öðrum löndum ef samningar og málsmeðferð gera það kleift.

7. gr.

1. Fjárhagsviðmiðun fyrir framkvæmd þessarar áætlunar er 450 milljónir evra.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitinga- valdsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

8. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. janúar 2001 og gildir til 31. desember 2005.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. GAYSSOT

forseti.

I. VIÐAUKI

LÝSING AÐGERÐASVIÐA

Aðgerðasviðin skulu einkum miðast við að skilgreina og skiptast á bestu viðteknu starfsvenjum í samræmi við bestu viðteknu málsmeðferð, sem er lýst í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 26. apríl 2000, um leið og tekið er mið af þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og með þeim er stefnt að því:

1. **Að auka vöxt og samkeppnishæfni fyrirtækja í alþjóðlegu efnahagsumhverfi sem er grundvallað á þekkingu:**

Þessi áætlun miðast einkum við ráðstafanir til þess að:

- stuðla að samkeppnishæfni og nýsköpun;
- greiða fyrir frjálsum vöruflutningum og aðgangi að mörkuðum;
- búa fyrirtæki undir hnattvæðingu og stuðla sérstaklega að þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í stöðlun og framkvæmd hennar;
- hafa á boðstólum færni á nógu mörgum sviðum sem er sniðin að þörfum lítilla fyrirtækja;
- þróa notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni;
- hvetja til nýstárlegra starfsvenja;
- stuðla að samþættingu sjálfbærrar þróunar.

2. **Að stuðla að framtakssemi:**

Þessi áætlun miðar einkum að því að:

- aðstoða við stofnun og framsal fyrirtækja;
- þróa þjálfun á sviði framtakssemi;
- stuðla að vexti og viðgangi fyrirtækja um allt samfélagið;
- skilgreina og stuðla að sérstökum stefnumiðum litlum og meðalstórum fyrirtækjum til hagsbóta.

3. **Að einfalda og betrubæta aðstæður fyrirtækja með tilliti til stjórnsýslu og lagasetningar, einkum í því skyni að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og stofnun fyrirtækja:**

Einkum verður leitað eftir því:

- að þróa enn frekar fyrirkomulag þess að meta áhrif fyrirhugaðrar bandalagslöggjafar á atvinnulífið;
- að bæta almennt lagasetningu og einfalda stjórnsýslu.

4. **Að betrubæta fjárhagslegt umhverfi fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja:**

Sem svar við niðurstöðum fundar leiðtogaáráðsins í Lissabon dagana 23. og 24. mars 2000 mun þessi áætlun einkum stuðla að:

a) ráðstöfunum til að betrubæta fjárhagslegt umhverfi fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessar ráðstafanir, en því er lýst í II. viðauka með hvaða hætti þær skuli gerðar, eru sem hér segir:

i) *Stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja (ETF) sem Fjárfestingarsjóður Evrópu (EIF) rekur.*

Stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja mun styrkja stofnun og fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja á byrjunarstigi:

- með því að fjárfesta í viðeigandi, sérhæfðum áhættufjármagnssjóðum, einkum sprotafjármagnssjóðum, litlum sjóðum, sjóðum sem eru reknir í tilteknu héraði eða miðast við tilteknar atvinnugreinar eða tækni, eða áhættufjármagnssjóðum sem fjármagna hagnýtingu niðurstaðna á sviði rannsókna og tækni, þ.e. sjóðum sem tengjast rannsóknarmiðstöðvum og tæknigörðum sem í staðinn leggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum til áhættufé. Stofnlánakerfið mun í byrjun efla Tæknilánaflokk evrópskra fyrirtækja, sem Fjárfestingarbanki Evrópu kom á fót í samstarfi við Fjárfestingarsjóð Evrópu, með því að samþykkja fjárfestingarstefnu sem hefur meiri áhættu í för með sér, bæði með tilliti til sjóða milliliða og fjárfestingarstefnu þeirra.

Fjárfestingarsjóður Evrópu skal velja fjárfestingar, annast þær og stýra þeim inn í áhættufjármagnssjóði og skal, eftir atvikum, taka mið af innlendum kerfum í starfi sínu. Nánari skilmála og skilyrði fyrir stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, þar með talið eftirlit með því og yfirlit, skal setja með samstarfssamningi framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu þar sem tekið er tilliti til viðmiðunarreglnanna sem eru útskýrðar í II. viðauka.

- með því að stuðla að því að komið verði á fót og þróaðir fyrirtækjaflvakar og viðeigandi áætlanir um eftirfylgni („áætlanir um stuðning leiðbeinenda“).

ii) *Ábyrgðarskipulag í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem Fjárfestingarsjóður Evrópu rekur*

Ábyrgðarskipulag í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja mun veita gagnábyrgðir eða, ef við á, samábyrgðir fyrir ábyrgðarkerfi í aðildarríkjunum, og beinar ábyrgðir að því er varðar Fjárfestingarbanka Evrópu eða aðra viðeigandi fjármálamilliliði, en tap þess, sem leiðir af viðkomandi ábyrgðum, verður greitt úr sjóðum Evrópusambandsins.

Þetta gerir mögulegt að ráða bót á markaðsgöllum á eftirtöldum sviðum:

- lán handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum með vaxtarskilyrði sem er ætlað að draga úr sérstökum erfiðleikum sem þau standa frammi fyrir vegna þeirrar miklu áhættu sem fylgir þeim (t.d. lítil eða nýstofnuð félög);
- smálánastarfsemi sem er ætlað að hvetja fjármálastofnanir til þess að leika stærra hlutverk á þessu sviði með því að bjóða fram lítil lán sem eru hlutfallslega dýr fyrir lántakendur með ófullkomnum ábyrgðum;
- fjárfestingar með eigið fé í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með vaxtarskilyrði, þar með taldar fjárfestingar af hálfu sjóða sem starfa á vettvangi sveitarfélaga eða héraða og útvega sprotafjármagn og/eða fjármagn á byrjunarstigi, í því skyni að draga úr sérstökum erfiðleikum sem þau standa frammi fyrir vegna veikburða fjármagnsskipanar;

Þegar um það er að ræða að lítil fyrirtæki hagnýta sér ný tækifæri sem Netið og rafrænar viðskiptahættir veita – með tryggðum lánum ætti að vera unnt að fjármagna upplýsingatæknibúnað, hugbúnað og þjálfun til þess að aðstoða slík fyrirtæki til þess að nútmavæðast á þessum sviðum og gera þau samkeppnishæfari.

Auk ábyrgða og gagnábyrgða er unnt að sjá fyrir viðbótaraðstoð við fjármálamilliliði, einkum með tilliti til smálánastarfsemi. Slíkri aðstoð er að hluta ætlað að bæta upp háan stjórnunarkostnað sem fyrrnefnd starfsemi hefur í för með sér.

Fjárlagaheimildin skal taka til heildarkostnaðar við skipulagið, þar með talið til ábyrgðartaps Fjárfestingarsjóðs Evrópu og alls annars viðurkennds kostnaðar eða útgjalda vegna skipulagsins. Setja skal þak á fjárlagakostnað Evrópusambandsins vegna skipulagsins svo að hann fari aldrei yfir fjárlagaheimildir til handa Fjárfestingarsjóði Evrópu samkvæmt þessu skipulagi. Engar ábyrgðarskuldbindingar verða á fjárlögum bandalagsins.

Nánari skilmála og skilyrði fyrir rekstri ábyrgðarskipulagsins í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar með talið eftirlit með því og stjórnun, skal setja með samstarfssamningi framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu þar sem tekið er tillit til viðmiðunarreglnanna í II. viðauka.

iii) *Aðgerðir sem tengjast sprotafjármagni sem Fjárfestingarsjóður Evrópu stendur að*

Aðgerðir, sem tengjast sprotafjármagni, miða að því að örva framboð á fjármagni til að koma á fót nýjum fyrirtækjum sem innleiða nýjungar og hafa vaxtarmöguleika og geta verið atvinnuskapandi, meðal annars fyrirtæki innan hins hefðbundna atvinnulífs, með því að styrkja sprotafjármagnssjóði, aflvaka eða áþekkar stofnanir, sem Fjárfestingarsjóður Evrópu á aðild að, annaðhvort með eigin fé eða með umboði fyrstu starfsárin.

iv) *Evrópskt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni*

Með þessari áætlun er stefnt að því að nýta skuldbindingar, sem er stofnað til fram til 31. desember 2000, til hagsbóta fyrir fyrirtæki sem hyggjast efna til fjölbjóðlegs samstarfs. Hámarksframlag til hvers verkefnis skal vera 100 000 evrur.

Þessum fjárhagsráðstöfunum kann að verða breytt í ljósi ákvarðana ráðsins í framtíðinni. Þessu fjármögnunarskipulagi skal koma á í náinni samvinnu við aðildarríkin;

- b) notkun fyrirtækja á evrunni;
- c) ráðstöfunum sem hvetja til nándarfjármögnunar, einkum til þess að þróa netkerfi einstakra fjárfesta;
- d) því að komið verði á fót netkerfi sprotafjármagnssjóða og stjórnenda þeirra í öllu bandalaginu og hvatt til þess að skiptast á bestu viðteknu starfsvenjum og starfsmenntun;
- e) skipulagningu umræðufunda bankamanna og lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

5. **Að veita fyrirtækjum greiðari aðgang að stuðningsþjónustu, áætlunum og netkerfum á vegum bandalagsins og að auka samræmingu þessara þátta:**

Samkvæmt þessari áætlun verða einkum þróaðar aðgerðir til þess að:

- stuðla að aðgangi fyrirtækja að áætlunum bandalagsins og tryggja betri samræmingu, einkum við fimmtu rammaáætlunina um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (FPRD),
- betrubæta rekstur netkerfa bandalagsins, einkum upplýsingamiðstöðva bandalagsins (Euro Info Centres) og upplýsingamiðstöðva bandalagsins á sviði samskipta (Euro Info Correspondence Centres). Framkvæmdastjórninni getur, meðan áætlunin stendur yfir, leitað til stofnana eða sérfræðinga sem veita tækniástoð sem unnt er að fjármagna innan heildarfjárhagsramma áætlunarinnar,
- stuðla að skipulagningu fyrirtækjasamstarfs á vettvangi Evrópusamvinnunnar,
- hagnýta skýrsluna sem ber yfirskriftina „Evrópsk athugunarstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki“.

II. VIÐAUKI

STJÓRNTÆKI BANDALAGSINS Á SVIDI FJÁRMÁLA

I. Viðmiðunarreglur um framkvæmd stofnlánakerfis Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja

A. Inngangur

Stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja verður rekið af Fjárfestingarsjóði Evrópu á fjárvörslugrundvelli.

B. Milliliðir

Með tilliti til starfsemi, sem er fjármögðuð með áhættufé, verða milliliðirnir valdir með opnum og gagnsæjum hætti í samræmi við bestu viðskipta- og markaðsvenjur til að forðast röskun á samkeppni og með tilliti til markmiðsins að starfa með tilstyrk sérsjóða af ýmsu tagi.

Að því er varðar viðbótaraðgerðir til stuðnings fyrirtækjaflökum mun Fjárfestingarsjóður Evrópu reiða sig á reynslu aðildarríkjanna í þeim efnum.

C. Hámarksfjárfesting

Samanlögð fjárfesting í áhættufjármagnssjóði, sem er milliliður, má vera mest 25% af öllu eigin fé viðkomandi sjóðs eða 50% í undantekningartilvikum, til dæmis í tengslum við nýja sjóði sem líkur eru á að hafi sérlega örvandi áhrif á þróun áhættufjármagnsmarkaða fyrir sérstaka tækni eða í tilteknu héraði. Engin skuldbinding gagnvart einstökum áhættufjármagnssjóði má fara yfir 10 milljónir evra nema í vel rökstuddum undantekningartilvikum. Skuldbindingar mega ekki undir neinum kringumstæðum fara yfir 15 milljónir evra. Áhættufjármagnssjóðurinn, sem er milliliður, skal fara að viðurkenndum markaðsvenjum með tilliti til þess að skapa fjölbreytileika í lánasamvali.

D. Jafngild fjárfesting

Fjárfestingar stofnlánakerfis Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja í sjóðum milliliða eru metnar jafngildar fjárfestingum annarra fjárfesta í hlutabréfum. Allar undantekningar frá þessari reglu skulu háðar álitni nefndarinnar sem um getur í 3. gr.

E. Gildistími skipulagsins

Stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja er komið á sem langtímaskipulagi sem er yfirleitt skuldbinding til fimm til tólf ára í áhættufjármagnssjóðum. Fjárfestingar munu aldrei standa yfir lengur en 16 ár frá því að samstarfssamningurinn milli framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu, sem um getur í I. viðauka, er undirritaður.

F. Innlausn fjárfestinga

Þar eð flestar fjárfestingar, sem eru liður í stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, munu vera í óskráðum, bundnum einingum mun innlausn þessara fjárfestinga byggjast á dreifingu hagnaðar sjóða milliliða af sölu fjárfestinga þeirra í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

G. Endurfjárfesting hagnaðar af innleystum fjárfestingum

Fyrstu fjögur árin eftir 20. desember 2000 er heimilt að endurfjárfesta með hagnaði af endurgreiðslum til Fjárfestingarsjóðs Evrópu. Endurfjárfestingartímann má framlengja um allt að því þrjú ár, að því tilskildu að fullnægjandi mat á skipulaginu liggi fyrir 48 mánuðum eftir 20. desember 2000.

H. Fjárvörslureikningur

Sérstakur fjárvörslureikningur verður stofnaður hjá Fjárfestingarsjóði Evrópu þar sem lagðar verða inn fjárlagagreiðslur til styrktar kerfinu. Þessi reikningur mun bera vexti og verður vaxtatekjum bætt við fjármuni skipulagsins. Fjárfestingar Fjárfestingarsjóðs Evrópu, sem eru liður í stofnlánakerfi Tæknilánaflokks evrópskra fyrirtækja, stjórnunarkostnaður Fjárfestingarsjóðs Evrópu og annar viðurkenndur kostnaður verða skuldfærð á fjárvörslureikninginn og hagnaður af innleystum fjárfestingum færður til tekna á honum. Að fjórum árum liðnum frá 20. desember 2000, eða, hafi endurfjárfestingartímabil kerfisins verið framlengt, eftir að framlengt endurfjárfestingartímabilið er á enda, verða allar innistæður á fjárvörslureikningnum færðar aftur á fjárlög bandalagsins, nema fjármunir sem búið er að ráðstafa en ekki búið að taka út/ fjárfesta með, og fjármunir, sem eru fyrir viðurkenndum kostnaði og útgöldum, svo sem stjórnunarkostnaður Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

I. Endurskoðunarrétturinn

Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að endurskoðunarréttur Evrópubandalagsins geti gegnt hlutverki sínu og sannreynt lögmæti þeirra greiðslna sem inntar eru af hendi.

II. Viðmiðunarreglur um ábyrgðarskipulag í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

A. Inngangur

Ábyrgðarskipulag í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja verður rekið af Fjárfestingarsjóði Evrópu á fjárvörslugrundvelli.

B. Milliliðir

Milliliðir eru valdir úr ábyrgðarkerfum sem eru starfrækt í aðildarríkjunum innan opinbera geirans eða einkageirans, þar með talin gagnkvæm ábyrgðarkerfi, ábyrgðarkerfi Fjárfestingarbanka Evrópu eða annarra viðeigandi fjármálastofnana. Val milliliða fer fram í samræmi við bestu viðskipta- og markaðsvenjur með sanngjörnum og gagnsæjum hætti, með tilliti til:

- áhrifa á umfang þeirrar fjármögnunar (lána, fjárfestinga) sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum stendur til boða, og/eða
- áhrifa á aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, og/eða
- áhrifa á þá áhættu sem viðkomandi milliliður tekur þegar hann fjármagnar lítíl eða meðalstór fyrirtæki.

C. Styrkhæf lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Fjárhagslegar viðmiðanir, sem gilda um hvenær setja megi ábyrgðir fyrir fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í samræmi við ábyrgðarskipulag í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eru settar sérstaklega fyrir hvern millilið innan ramma þeirra ábyrgðarkerfa sem þeir reka til að ná til eins margra lítilla og meðalstórra fyrirtækja og unnt er. Þessar reglur endurspeglar markaðsskilyrði og -venjur á viðkomandi landsvæði.

Ábyrgðir og gagnábyrgðir verða aðallega boðnar fram vegna fjármögnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja með allt að 100 starfsmenn (lítíl og meðalstór fyrirtæki með allt að 50 starfsmenn munu njóta forgangs ef um er að ræða séraðgerðir sem er ætlað að stuðla að því að lítíl fyrirtæki hagnýti sér Netið og rafræna viðskipta-hætti). Einkum verður lögð áhersla á fjármögnun kaupa á óáþreifanlegum verðmætum.

D. Ábyrgðir Fjárfestingarsjóðs Evrópu

Ábyrgðir, sem Fjárfestingarsjóður Evrópu veitir, munu varða einstaka fjármögnun sérstaks lánasamvals. Ábyrgðirnar, sem Fjárfestingarsjóður Evrópu gefur út, munu gilda um hluta áhættunnar sem tengist því lánasamvali sem liggur til grundvallar og hlutaðeigandi fjármálamilliliður tekur.

E. Þak á uppsöfnuðu tapi Fjárfestingarsjóðs Evrópu

Skuldbinding Fjárfestingarsjóðs Evrópu um að greiða sinn hluta af tapi milliliðarins á lánum gildir áfram uns uppsöfnuð fjárhæð greiðslna á tapi í tengslum við tiltekið lánasafn, að frádregnu því tapi sem verið er að greiða, nær fyrir fram ákveðinni fjárhæð en eftir það fellur ábyrgð Fjárfestingarsjóðs Evrópu sjálfkrafa niður.

F. Fjárfestingarsjóður Evrópu jafngildur og milliliður

Ábyrgðir, sem Fjárfestingarsjóður Evrópu veitir, eru yfirleitt jafngildar ábyrgðum eða, eftir atvikum, lánum sem milliliður veitir.

G. Fjárvörslureikningur

Fjárvörslureikningur verður stofnaður hjá Fjárfestingarsjóði Evrópu þar sem lagðar verða inn fjárlagagreiðslur til styrktar kerfinu. Þessi reikningur mun bera vexti og verður vaxtatekjum bætt við fjármuni skipulagsins.

H. Réttur Fjárfestingarsjóðs Evrópu til að taka fé út af fjárvörslureikningnum

Fjárfestingarsjóður Evrópu hefur rétt til að skuldfæra á fjárvörslureikninginn til að geta staðið við skuldbindingar sínar vegna uppsafnaðs hámarkstaps vegna ábyrgðarskipulagsins og, samkvæmt samningi við framkvæmdastjórnina, til að greiða annan viðurkenndan kostnað, til dæmis stjórnunarkostnað, viðurkennda þóknun til lögfræðinga og útgjöld vegna kynningar á kerfinu.

I. Endurheimt tap og aðrar tekjur sem ber að greiða inn á fjárvörslureikninginn

Allar fjárhæðir, sem endurheimtar eru af tapi af láni, sem hefur verið tilefni þess að ábyrgða var krafist, verða, ásamt öllum öðrum tekjum, færðar til tekna á fjárvörslureikningnum.

J. Gildistími kerfisins

Gert er ráð fyrir að gildistími ábyrgða, sem eru veittar vegna einstakra lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sé allt að tíu ár. Allar innistæður á fjárvörslureikningnum, á þeim tíma þegar gildandi ábyrgðir renna út, verða færðar aftur á fjárlög bandalagsins.

K. Endurskoðunarrétturinn

Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að endurskoðunarréttur Evrópubandalagsins geti gegnt hlutverki sínu og sannreynt lögmati þeirra greiðslna sem inntar eru af hendi.

III. Viðmiðunarreglur um aðgerðir sem tengjast sprotafjármagni

A. Inngangur

Fjárfestingarsjóður Evrópu mun standa að aðgerðum sem tengjast sprotafjármagni.

B. Endurskoðunarrétturinn

Gerðar verða viðeigandi ráðstafanir til að endurskoðunarréttur Evrópubandalagsins geti gegnt hlutverki sínu og sannreynt lögmæti þeirra greiðslna sem inntar eru af hendi.

IV. Evrópskt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að einfalda þetta kerfi til þess að fjármálamilliliðir og deildir framkvæmdastjórnarinnar geti afgreitt óskir lítilla og meðalstórra fyrirtækja um fjárframlög hratt og til þess að tryggt sé að fjármunir bandalagsins séu notaðir á réttan hátt. Enn fremur vinnur framkvæmdastjórnin að því um þessar mundir að kanna hvort unnt sé að gera breytingar á viðmiðunum um styrkhæfi til þess að unnt sé að svara betur þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja með tilliti til fjárfestinga yfir landamæri, meðal annars í löndum sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu.
